

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. október 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-32/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 19. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna bifreiðaviðskipta sinna við Y.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 14. október sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna bifreiðaviðskipta við Y. Af því tilefni vill kæruneftndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 2. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftir:

- 1) Nánari gögnum sem fyrir hendi eru um viðskipti þín við gagnaðila, t.d. kaupsamning og afsal.
- 2) Nánari gögn um þá viðgerð sem framkvæmd var á bifreiðinni xx-000, t.a.m. kvittanir fyrir varahlutakaupum eða öðrum útlögðum kostnaði.

Þá óskar kæruneftndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannt að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 24. október n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni.“

Hinn 24. október sl. barst kæruneftndinni svar frá álitsbeiðanda. Meðfylgjandi svarinu var finna kvittun fyrir varahlutakaupum vegna viðgerðar á bifreið þeirri er deilt var um sem og myndir af einstaka vélarhlutum. Önnur umbeðin gögn fylgdu ekki, þ.e. kaupsamningur og afsal fyrir kaupum á hinni umdeildu bifreið eða önnur gögn um viðskipti álitsbeiðanda við gagnaðila, t.d. sönnun á greiðslu kaupverðs, eigendaskráning bifreiðarinnar eða önnur viðlíka gögn. Kæruneftndin telur því að þau gögn sem álitsbeiðandi sendi kæruneftndinni hinn 24. október fullnægi ekki þeim kröfum sem gerðar eru skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Kæruneftndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beiðin var um í bréfi nefndarinnar frá 14. október sl. Þá vill kæruneftndin benda álitsbeiðanda á að í sumum

tilvikum tekur Umferðarstofa afrit af kaupsamningi og afsali á sama tíma og tilkynnt er um eigendaskipti á bifreiðum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir